

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

3. október 2017

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Frestun á haustsamveru

Næstkomandi fimmtudag stóð til að halda haustsamveru með öllum foreldrum og nemendum í 1. – 10. bekk í Grunnskólanum austan Vatna á Hofsósi en vegna óviðráðanlegra aðstæðna verður því miður að fresta henni. Beðist er innilega velvirðingar á þessu en nýja dagsetningin fyrir samveruna er mánudagurinn 16. október kl.18 - 20.

Mínum við á að haustsamveran er góður vettvangur fyrir alla foreldra, kennara og nemendur til að hittast og ræða saman. Haustsamveran fer fram í grunnskólanum og vonumst við til að sem flestir sjái sér fært að mæta.

Rakelarhátíð

Nú eru bara örfáir dagar í Rakelarhátíðina. Þeir sem höfðu hugsað sér að hjálpa til en eiga eftir að láta okkur vita af því mega gjarnan gefa sig fram sem fyrst. Það væri gott að fá að vita ef einhverjir fleiri eru til í að baka eitthvað og svo vantar líka fleiri vinnufúsar hendur til að gera brauðrétti, brauðtertur, smyrja flatbrauð og setja saman tertur í Höfðaborg á laugardaginn. Þar verðum við frá kl. 11 og eitthvað fram á miðjan dag.

Jóhanna, Kristín, Ólinga og Vala halda utan um það hvað á að baka og gefa upplýsingar um hvaða verkefnum á eftir að ráðstafa.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi